

Rannsóknnum Fjármálaeftirlitsins á málum tengdum bankahruninu er lokið

Rannsóknnum Fjármálaeftirlitsins á aðdraganda bankahrunsins haustið 2008 sem hófust strax í kjölfar falls stóru viðskiptabankanna þriggja er lokið. Alls lauk Fjármálaeftirlitið rannsóknnum á 205 málum. Þar af hafa 66 mál tengd aðdraganda hrunsins verið kærð til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra eða embættis sérstaks saksóknara. Jafnframt hefur 37 málum þar sem um er að ræða meint brot á almennum hegningarlögum verið vísað til embættis sérstaks saksóknara. Samtals eru þessi mál 103.

	Fjöldi mála
Mál kærð til ESS	66
Málum vísað til ESS	37
Stjórnvaldssekt	4
Málum lokið án frekari aðgerða	98
Alls mál	205

Einstök kærð mál geta innihaldið brot á mörgum mismunandi greinum laga um verðbréfiðskipti og fjármálafyrirtæki. Jafnframt hefur mörgum kærum fylgt vísun á meintum umboðssvikum. Fjöldi meintra brota er því hærri en fjöldi kærðra og vísaðra mála.

Rannsóknir hafa leitt í ljós meint brot innan fjölda flokka efnahagsbrota. Helst ber þó að nefna markaðsmisnotkun, brot er varða stórar áhættuskuldbindingar, innherjasvik og umboðssvik. Umfangsmestu málin tengjast meintri markaðsmisnotkun og umboðssvikum. Þó vill Fjármálaeftirlitið vekja athygli á að brot er varða stórar áhættuskuldbindingar geta einnig verið mjög umfangsmikil, tengst verulega háum fjárhæðum og þar með stuðlað að því að grafa undan fjármálalegum stöðugleika bankakerfisins. Myndin hér fyrir neðan sýnir dæmi um skiptingu brota en er ekki tæmandi yfirlit.

Dæmi um skiptingu brota	
Markaðsmisnotkun	18
Innherjaviðskipti	22
Umboðssvik	47
Stórar áhættur	6
Lög um skyldutryggingu lífeyrissjóða	6
Önnur brot á lögum um fjármálafyrirtæki	9
Önnur brot á lögum um verðbréfiðskipti	3
Lög um verðbréfasjóði og fl.	3
Lög um váttryggingafélög	2

Strax í kjölfar hrunsins voru hafnar rannsóknir innan Fjármálaeftirlitsins og utanaðkomandi sérfræðingar kallaðir til. Þegar ljóst var að umfang rannsóknanna yrði verulegt var af hálfu

Fjármálaeftirlitsins óskað eftir auknum fjárveitingum til þess að tryggja að hægt yrði að sinna þessu stóra og mikilvæga verkefni með faglegum hætti og af nægilegum krafti.

Á undanförunum árum hafa allt að 15 sérfræðingar unnið samtímis að rannsóknum innan Fjármálaeftirlitsins. Þeir hafa menntun í viðskiptafræði, lögfræði, verkfræði og hagfræði. Rannsóknum var skipt upp í tvö teymi og sérstaklega var gætt að hæfi starfsmanna. Að hverri rannsókn vann a.m.k. einn rannsakandi og lögfræðingur.

Rannsóknahóparnir lögðu ríka áherslu á að mál væru unnin af heilindum og fagmennsku. Rannsakendur höfðu það að leiðarljósi að afla nægjanlegra gagna til að varpa sem skýrustu ljósi á þá atburðarás sem verið var að rannsaka og byggðu ákvörðun um niðurstöðu máls á gögnum þess.

Mikil þekking og reynsla hvað varðar rannsóknir á efnahagsbrotum hefur byggst upp innan Fjármálaeftirlitsins á undanförunum árum og er stofnunin því vel í stakk búin til að takast á við krefjandi verkefni á því sviði í framtíðinni. Þá hefur ábendingum utanaðkomandi aðila til Fjármálaeftirlitsins fjölgað. Má þar nefna eftirlitsskylda aðila, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.